

hafa vitað, að var smyglað áfengi, fyrir 100 krónur, sem hann afhenti svo nefndum bróður sínum, og fékk fyrir ómakið 1 fl. af samskonar áfengi, en mál út af áfengis-smyglun þessari verður höfðað gegn þeim, er valdir eru að henni.

Með því að ákærður fyrir öll umrædd afbrot sín virðist eiga að sæta þyngri hegningu en sektum, eða minnst 2ja mánaða einföldu fangelsi, ber honum samkv. ákvæðum 1. gr. laga nr. 39, 16. nóvbr. 1907, um skilorðsbundna hegningardóma o. fl., einnig að sæta hegningu þeirri, 2ja mánaða einföldu fangelsi, samkvæmt fyrrgreindum skilyrðisbundnum dómi 24. jan. 1933, sem hann og eigi hefir fullnægt að því er ídæmdar skaðabætur snertir, eða að neinu leyti. Hann greiði og allan af báðum málunum leiddan og leiðandi kostnað, og loks 500 krónur í skaðabætur til bifreiðaeiganda Steindórs Einarssonar í Reykjavík samkvæmt kröfu hans.

Mánudaginn 22. okt. 1934.

Nr. 132/1934. **Valdstjórnin** (Lárus Fjeldsted)

gegn

Ólafi Kjartani Ólafssyni, Björgvin Bjarnasyni og Stefáni Marinó Stefánssyni (Guðm. Ólafsson).

Bruggun.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 12. júní 1934: Kærði, Ólafur Kjartan Ólafsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga og 800 króna sekt til rikissjóðs og komi einfalt fangelsi í 40 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði, Björvin Bjarnason, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 10 daga og 500 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 25 daga í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði, Stefán Marinó Stefánsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 10 daga og 500 króna sekt til

rikissjóðs og komi einfalt fangelsi í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

En fullnustu fangelsisrefsingar þeirra Björgvins og Stefáns skal fresta og þær falla niður eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 1907 verða haldin.

Framangreind bruggunartæki skulu upptæk og eign rikissjóðs.

Kærðu greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn, allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Brot hinna kærðu varða við 6. gr. laga nr. 64/1930, og þykir refsing þeirra hvers um sig hæfilega ákveðin samkvæmt 30. gr. sömu laga eins og í hinum áfrýjaða dómi segir. Og með því að fallast má á ákvæði hans að öðru leyti, ber að staðfesta hann að öllu leyti, þó svo að greiðslufrestur sektanna verði 4 vikur frá uppkvaðningu dóms þessa. Hinir kærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo að greiðslufrestur sektanna telst 4 vikur frá uppkvaðningu dóms þessa. Hinir kærðu Ólafur Kjartan Ólafsson, Björgvin Bjarnason og Stefán Marino Stefánsson greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmann-

anna Lárusar Fjeldsted og Guðmundar Ólafssonar, 50 krónur til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Kjartan Ólafssyni, verkamanni, Hverfisgötu 83, Björvin Bjarnasyni, verkamanni, Bræðraborgarstig 14 og Stefáni Marínó Stefánssyni, verkamanni, s. st., fyrir brot gegn áfengislögum nr. 64, 1930, og eru málavextir þeir, er nú skal greina.

Hinn 25. f. m. lögðu kærðu í sameiningu áfengislögun í gerjun í tvær tunnur. Samtals um 400 lítra og létu þeir lögun þessa gerjast þangað til hinn 6. þ. m., að þeir byrjuðu að sjóða lögunina.

Suðu þeir þá mikinn hluta úr annari tunnunni og fengu úr henni 7—8 flöskur af fullbrugguðu áfengi, en þá varð kona í húsinu vör við bruggið, og heltu þeir þá niður því, sem ósoðið var. Kærðu hafa játað, að þeir hafi ætlað áfengi þetta til sölu, en ekkert orðið úr söfunni og þeir drukkið það, sem fullbruggað var.

Bruggið fór fram í húsi nr. 14 við Bræðraborgarstig og notuðu kærðu auk fyrrgreindra tunna venjuleg bruggunartæki, sem samanstóðu af suðubrúsa, eimingarpípu, kælihláti og oliuvél til hitunar.

Framangreint brot allra hinna kærðu varðar við 6. gr. sbr. 32. gr. áfengislaganna nr. 64, 1930.

Kærði, Ólafur Kjartan Ólafsson, hefir áður sætt refsingu sem hér segir:

- 1) 18. nóv. 1933 dæmdur í 500 króna sekt fyrir brot gegn 6. gr. sbr. 30. gr. og 11. gr. sbr. 32. gr. áfengisлага nr. 64, 1930.
 - 2) 9. dez. s. á. dæmdur í 400 króna sekt fyrir brot gegn 42. gr. áfengislaganna.
 - 3) 14. marz 1934 dæmdur í 4 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir innbrotspjófnað, öll skiptin í Reykjavík.
- Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga og 800 króna sekt til ríkis-

sjóðs, og komi einfalt fangelsi í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði, Björvin Bjarnason, var hinn 29. marz 1932 sektaður um 50 kr. fyrir ölvun, en hefir ekki oftart sætt refsingu, svo kunnugt sé. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði, Stefán Marínó Stefánsson, var hinn 10. apríl 1933 sektaður um 50 krónur fyrir ölvun og hinn 10. október 1933 um 20 krónur fyrir brot gegn lögreglusamþykktinni, bæði skiptin í Reykjavík. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 500 kr. sekt til ríkissjóðs og komi einfalt fangelsi í 25 daga í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. En fullnustu fangelsisrefsingar þeirra Björgvins og Stefáns þykir mega fresta þannig, að hún falli niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skil-orð laga nr. 39, 1907 verða haldin.

Framangreind bruggunartæki skulu upptæk og eign ríkissjóðs.

Kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 26. okt. 1934.

Nr. 13/1934. **Anna Ólafsdóttir** (Eggert Claessen)

gegn

bæjarstjórn Reykjavíkur

(Guðm. Ólafsson).

Krafa áfryjanda um meðlagsgreiðslur samkv. 60. gr. l. 39/1921 og l. 15/1927 eigi tekin til greina.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. ág. 1933: Stefnud, bæjarstjórn Reykjavíkur fyrir hönd Reykjavíkurkaupstaðar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Önnu Ólaf-